

1. SKILGREININGAR

- i. Í skilmálum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:
 - Korthafi** er reikningshafi eða sá sem reikningshafi heimilar að sé með kort á reikning sinn. Korthafi er einnig sá einstaklingur sem er handhafi fyrirtækjakorts þó hann teljist ekki reikningshafi.
 - Reikningshafi** er sá sem hefur stofnað viðskiptareikning hjá útgefanda og hefur fengið debetkort tengt við reikning sinn. Reikningshafi er ábyrgur fyrir úttektum debetkorts sem færast á reikninginn, nema annað sé tekið fram.
 - CVV númer (einnig nefnt CVC)** er þriggja stafa númer aftan á kortinu sem korthafi gefur upp til staðfestingar á því að hann sé með kortið í höndunum í netviðskiptum.
 - Öryggisnúmer** er einskiptis öryggisnúmer sem korthafi fær sent með skilaboðum í farsíma. Öryggisnúmerið er notað til að auðkenna korthafann.
 - Útgefandi** korta er Arion banki hf. (hér eftir einnig „bankinn“ eða „útgefandi“), sjá nánar 3. gr.
 - Kort** er útgefið debetkort. Kortið getur einnig verið kortanúmerið sjálf, örgjörvi í plastkorti sem jafnframt er með segulrönd og prentuðu kortanúmeri. Kort er einnig virkni með sýndarnúmeri (e. token) sem útgefandi lætur af hendi til korthafa til úttekta án plastkorts með farsíma eða öðru snjalltæki með snertilausum greiðslum og einungis er tengt við einn kortareikning.
 - Greiðslukortafyrirtæki** er fyrirtæki sem annast kortavinnslu og færslumiðlun fyrir bankann. Greiðslukortafyrirtæki geta verið umboðsaðilar t.d. VISA eða Mastercard.
 - Persónubundinn öryggisþáttur** merkir hvers konar auðkenningu sem eingöngu er bundin við viðkomandi einstakling og hann einn getur notað til þess að sanna á sér deili í viðskiptum samkvæmt skilmálum þessum, til dæmis sterk sannvottun, PIN númer, öryggisnúmer, rafræn skilríki, fingrafar eða andlitsskanni.
 - Sterk sannvottun** er auðkenning á grundvelli notkunar tveggja eða fleiri þátta sem flokkast sem þekking, þ.e. eitthvað sem notandinn einn veit, umráð, þ.e. eitthvað sem notandinn einn hefur umráð yfir, og eðlislegni, þ.e. eitthvað sem notandinn er.
 - Snertilausar greiðslur** eru framkvæmdar með búnaði í síma/snjalltæki, t.d. rafrænu veski (e. wallet) sem gerir korthafa kleift að greiða með tækinu án snertingar við posa sem hafa slíka tengingu. Með snertilausum greiðslum er einnig átt við greiðslur með sýndarnúmeri (e. token). Snertilausar greiðslur eru einnig greiðslur með korti án snertingar við posa.
 - Færsluhirðir** er sá aðili sem tekur við kortafærslum og greiðir þær til þjónustuaðila.
 - Greiðslufyrirmæli** eru hverjar þær aðferðir sem korthafi notar til að greiða með korti sínu. Þær geta verið t.d. snertilaus greiðsla korts, innsláttar persónubundinna öryggisþátta eða annarra upplýsinga sem korthafar geta notað til að framkvæma greiðslur af korti sínu.
 - Greiðslumiðill** er persónubundinn búnaður og/eða aðferðir sem hægt er að nota til að gefa greiðslufyrirmæli. Þetta geta til dæmis verið kort, rafrænt veski, app eða annað.

2. SAMÞYKKI SKILMÁLA

- i. Með umsókn, við móttöku kortsins eða notkun kortsins eftir móttöku, samþykkir korthafi skilmála þessa svo og bókuaraðferðir bankans. Áður en væntanlegur korthafi samþykkir skilmálana ber honum að kynna sér þá vandlega, en þeir eru afhentir korthafa á varanlegum miðli í rafræn skjöl í Netbanka Arion banka þegar sótt er um kortið. Við endurnýjun debetkorts samþykkir korthafi þá skilmála sem eru í gildi á þeim tíma við fyrstu notkun nýs korts.
- ii. Almennir skilmálar innlánsreikninga, almennir viðskiptaskilmálar Arion banka, verðskrá Arion banka og gildandi vaxtatafla bankans hverju sinni eru hluti skilmála þessara. Ef ákvæði framangreindra skilmála samræmast ekki, ganga ákvæði þessara skilmála framur ákvæðum almennra skilmála innlánsreikninga og almennra viðskiptaskilmála.
- iii. Korthafar geta ávallt nálgast skilmála þessa, almenna skilmála innlánsreikninga, almenna viðskiptaskilmála Arion banka, verðskrá bankans og vaxtatöflu bankans á vefsíðu Arion banka, www.arionbanki.is. Hvenær sem er, meðan á samningssambandi stendur, getur korthafi óskað eftir að fá afhenta kortaskilmála þessa á pappír eða öðrum varanlegum miðli endurgjaldslaust. Þeir eru jafnframt aðgengilegir á heimasíðu bankans, www.arionbanki.is
- iv. Sé korthafi lögaðili er bankanum heimilt að veita upplýsingar um skilmála, verðskrá og vaxtatöflu bankans eingöngu á vefsíðu Arion banka, www.arionbanki.is.
- v. Ákvæði skilmála þessara sem falla undir gildissvið laga nr. 114/2021 um greiðsluþjónustu teljast vera rammisamningur um greiðsluþjónustu milli viðskiptavinar og bankans í skilningi laga um greiðsluþjónustu.

- vi. Korthafi telst hafa samþykkt breytingar á skilmálum þessum nema hann tilkynni útgefanda með sannanlegum hætti að hann samþykki þær ekki áður en breytingarnar öðlast gildi.
- vii. Skilmálar þessir eru gefnir út á íslensku.

3. UM ARION BANKA HF.

- i. Arion banki er alhliða banki sem veitir viðskiptavinum þjónustu á sviði sparnaðar, lánveitinga, eignastýringar, fyrirtækjaráðgjafar og markaðsviðskipta. Arion banki rekur útibú, afgreiðslur og hraðbanka víðsvegar um landið ásamt því að bjóða viðskiptavinum að stunda bankaviðskipti í gegnum netbanka Arion banka og app Arion banka.
- ii. Helstu upplýsingar um Arion banka:

Arion banki hf.

Borgartúni 19

105 Reykjavík

Ísland

Sími: 444-7000

Kennitala: 581008-0150

Netfang: arionbanki@arionbanki.is

Swift: ESJAISRE

- iii. Arion banki hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og sætir eftirliti Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Frekari upplýsingar um starfsemi Arion banka má finna á vefsíðu bankans: www.arionbanki.is.

4. UMSÓKN, ÚTGÁFA OG UPPSÖGN DEBETKORTS

- i. Umsókn um debetkort (hér eftir nefnt „kort“) skal beint til Arion banka sem er útgefandi kortsins. Bankinn áskilur sér allan rétt til að hafna umsókn án þess að tilgreina ástæðu.
- ii. Reikningshafi getur sótt um kort á nafni annars aðila. Reikningshafi ber fulla ábyrgð á notkun þess sem sínu eigin.
- iii. Kort gilda til ákvæðins tíma í senn og eru til notkunar innan- og utanlands samkvæmt ákvæðum skilmála þessara og ákvæðum almennra skilmála innlánsreikninga.
- iv. Korthafi heimilur bankanum að endurnýja kort allt að 10 vikum áður en gildistími þess rennur út og halda áfram að endurnýja kortið með sama hætti þangað til skrifleg fyrirmæli berast um annað frá korthafa. Óski korthafi eftir að fá kort heimsent eða leyninúmer (hér eftir „PIN númer“) uppgæfið greiðir hann fyrir samkvæmt verðskrá Arion banka. Hafi korthafa ekki borist kortið eða PIN númerið innan eðlilegs tíma, ber honum að tilkynna það til bankans. Korthafar geta séð PIN númer korta sinna í Netbanka Arion banka og Appi Arion banka.
- v. Debetkort eru VISA kort og eign bankans.
- vi. Vilji korthafi segja kortinu upp skal hann tilkynna það með sannanlegum hætti til bankans.
- vii. Sé korthafi neytandi hefur hann rétt til að falla frá fjarsölusamningi í skilningi laga nr. 33/2005 um fjarsölu fjármálaþjónustu, án greiðslu viðurlaga og án þess að tilgreina nokkra ástæðu, enda sendi hann tilkynningu þar að lútandi til bankans innan 14 daga frá þeim degi sem fjarsölusamningur er gerður. Fjarsölusamningur er samningur á milli neytanda og bankans um fjármálaþjónustu, t.d. debetkort, þar sem eingöngu er notuð fjarskiptaaðferð, t.d. netbanki eða app, fram að og við stofnun samningsins.
- viii. Ef notandi greiðsluþjónustu bankans er ekki neytandi skulu ákvæði IV. kafla laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021 og ákvæði 1. og 2. mgr. 62. gr., 3. mgr. 64. gr., 78., 80., 82., 83., 86. og 93. gr. sömu laga ekki gilda um þjónustuna.
- ix. Útgefanda er heimilt að segja upp öllum kortum korthafa með tveggja mánaða uppsagnarfresti. Í eftirfarandi tilvikum er heimilt að segja upp öllum kortum fyrirvaralaust:
 - a. Ef korthafi og/eða reikningshafi brýtur eða vanefnir skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum.
 - b. Ef útgefanda grunar að korthafi og/eða reikningshafi hafi misnotað kortið eða kortareikninginn.
 - c. Hafi fjárnám verið gert hjá korthafa, reikningshafa eða hjá ábyrgðarmanni, komi fram ósk um gjaldprotaskipti á búi þeirra, hafi þeir leitað nauðasamninga eða ef öðrum kortum þeirra hefur verið lokað.
 - d. Við andlát korthafa og/eða reikningshafa.
 - e. Ef korthafi og/eða reikningshafi afhendir bankanum ekki fjárhagsupplýsingar og gögn, sem bankinn telur nauðsynlegar og eru fullnægjandi að mati bankans á hverjum tíma, samkvæmt beiðni bankans hverju sinni og innan þess frests sem bankinn veitir, til að bankinn geti uppfyllt skyldur sínar á hverjum

- tíma samkvæmt gildandi lögum og reglum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármógnun hryðjuverka, svo sem um að gera áhættumat, kanna áreiðanleika skuldara og binda enda á samningssamband.
- f. Ef aðrar skuldbindingar korthafa og/eða reikningshafa við útgefanda eru í vanskilum eða lánessamningar þeirra eru vanefndir með öðrum hætti.
- g. Grunur er um misnotkun kortsins.
- x. Sé korti lokað er Arion banka heimilt að skrá kortnúmer í lokanaskrá útgefanda eða greiðslukortafyrirtækjanna. Vegna áhættustýringar í kortaviðskiptum er Arion banka heimilt að dreifa skrá um afturkölluð kortanúmer til sölu- og þjónustuaðila. Ef söluaðili óskar þess að korthafi skili eftirlýstu korti, ber korthafa að afhenda kortið. Arion banki áskilur sér rétt til að setja upplýsingar um ógildingu korts vegna misnotkunar á lokanaskrá greiðslukortafyrirtækja og varðveita þar.
- xi. Korthafa er óheimilt að nota debetkort eftir að gildistími þess rennur út eða það hefur verið ógilt. Misnotkun kortsins varðar við lög, sbr. m.a. ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

5. NOTKUN KORTS

- i. Korthafi hefur einn heimild til að nota kort sitt.
- ii. Debetkortið má nota á eftirfarandi hátt:
- Sem alþjóðlegt greiðslukort til kaupa á vöru og þjónustu.
 - Sem hraðbankakort til úttektar á reiðufé í hraðbanka.
 - Til auðkenningar í hraðbönkum Arion banka.
 - Tengt við farsíma eða annað snjalltæki til kaupa á vörum eða þjónustu með snertilausum greiðslum.
- iii. Korthafi getur tengt kort við rafrænt veski (e. wallet) til þess að virkja snertilausar greiðslur með farsíma eða öðru snjalltæki. Korthafa er óheimilt að tengja kort sitt við rafrænt veski annars einstaklings. Korthafi ber ábyrgð á snertilausum greiðslum sem framkvæmdar eru með greiðslumiðli hans (t.d. snjalltæki eða korti) þar til það hefur verið tilkynnt glatað.
- iv. Debetkort er unnt að nota með lestri upplýsinga af örgjörva, segulrönd eða sýndarnúmeri (e. token) þess í farsíma/snjalltæki á rafrænan hátt, þ.m.t. með snertilausum hætti. Í netviðskiptum og við símgreiðslu skal korthafi gefa upp nafn, kortanúmer, gildistíma og öryggisnúmer sé þess óskað af söluaðila. Við fjar- eða rafrænar færslur, eins og þær eru skilgreindar í lögum um greiðsluþjónustu, kann korthafi að vera krafinn um auðkenningu. Korthafi ber ábyrgð á öllum auðkenndum færslum, t.d. þeim sem staðfestar eru með sterkri sannvottun eða með öðrum persónubundnum öryggisþáttum. Korthafi skal ekki auðkenna sig kannist hann ekki við greiðsluna.
- v. Framvísun korthafa á debetkorti á sölustað felur í sér samþykki fyrir greiðslu og greiðslufyrirmæli verða ekki afturkölluð þegar segulrönd eða örgjörvi kortsins hafa verið lesin.
- vi. Þegar korthafi greiðir fyrir vöru eða þjónustu með debetkorti sínu og undirritar kaupnótu, notar PIN númer, snertilausa virkni, er í netviðskiptum eða notar símgreiðslu vegna þeirra viðskipta, þá staðfestir hann að næg ráðstöfunarfjárhæð sé á reikningi sínum og samþykkir þar með, að sú fjárhæð sé tekin út af honum, samkvæmt færslu- og bókunaraðferðum bankans. Korthafi fær afhent eintak sölunótu við notkun kortsins, en annað eintak er varðveitt hjá seljanda. Bankanum er heimilt að skuldfæra þann reikning korthafa, sem tengdur er debetkorti, fyrir úttekt korthafa með kortinu. Skuldfærsla miðast við útgáfudag/dagsetningu sölunótu. Viðtökutími greiðslufyrirmæla er sá tími þegar greiðslufyrirmæli berast bankanum og eru úttektir því að jafnaði færðar samdægurs á reikning korthafa. Greiðslufyrirmæli skulu teljast óafturkallanleg frá því að útgefandi hefur móttækið greiðslufyrirmæli í samræmi við ákvæði þetta. Þrátt fyrir framangreind getur korthafi afturkallað greiðslufyrirmæli sem gerast eiga í framtíðinni einum viðskiptadegi fyrir umsaminn greiðsludag.
- vii. Við kaup á vöru og þjónustu skal korthafi sjálfur slá inn sérstakt leynilegt og persónulegt PIN númer til staðfestingar á viðskiptunum, fari sölu- eða þjónustuaðili fram á slíkt. Í þeim tilvikum sem innsláttur PIN númers er ekki mögulegur, svo sem af tæknilegum ástæðum, skal áritun korthafa með eigin hendi á sölunótu teljast fullgild sem samþykki hans fyrir viðskiptum, enda sé ekki um snertilausa notkun að ræða.
- viii. Sé kortið notað í hraðbönkum eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum skal notast við PIN-númer kortsins eða aðra viðurkennda auðkenningarleið.
- ix. Arion banki ákvarðar þá þjónustu, sem hraðbanki veitir á hverjum tíma og áskilur sér rétt til að auka hana eða minnka. Einstaka hraðbankar veita þó takmarkaðri þjónustu.
- x. Ef það er mat Arion banka og/eða greiðslukortafyrirtækjanna að kortið hafi verið misnotað eða að korthafi hafi brotið á reglum og skilmálum kortsins, geta Arion banki og greiðslukortafyrirtækin stöðvað notkun debetkorts og/eða innkallað það án fyrirvara.

- xi. Korthafi skuldbindur sig til að greiða að fullu allar úttektir af korti. Skuldbindingin tekur til allra úttekta hvort sem slíkt leiðir af kvittunum úr posa sem korthafi hefur undirritað eða staðfest með persónubundnum öryggisþáttum eða með snertilausum hætti, sem og úttekta sem hann hefur heimilað við símapöntun, með úttekt í hraðbanka, með rafrænum samskiptum, þar með talið viðskiptum á netinu, eða á annan hátt samþykkt til færslu á kortareikninginn.
- xii. Korthafi getur stofnað til greiðsluþjónustusamninga um sjálfvirkar greiðslur með korti sínu, s.s. boð-, rað-, léttgreiðslur og afborgunarláns hjá söluaðilum sem það bjóða en um þá gilda sérskilmálar sem ganga framfar þessum skilmálum og eru bankanum óviðkomandi. Bankanum eða greiðslukortafyrirtækjunum er heimilt að synja korthöfum um sjálfvirkar greiðslur, s.s. boð-, rað-, léttgreiðslur og afborgunarlán. Verði vanskil á kortareikningi er útgefanda heimilt að stöðva slíkar greiðslur.
- xiii. Við útreikning við uppgjör á erlendum færslum greiðslukorta og færslum í annarri mynt en grunnmynt greiðslukorts notar bankinn gengi, mismunandi eftir aðgerð, sem er birt á heimasíðu Arion banka, www.arionbanki.is. Gengið byggir á viðmiðunargengi, sem er gengi VISA í erlendri mynt, auk álags bankans. Gengið tekur breytingum í samræmi við breytingar á gengisskráningu hjá VISA. Breytingar á gengi taka gildi þegar í stað og án viðvörunar. Úttektir korthafa í erlendri mynt eru alla jafna umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi (sölugengi) sem í gildi er þann dag þegar kaupin fara fram, en frá því geta verið undanþágur sem bankinn hefur ekki stjórn á. Þær undanþágur sem bankinn hefur ekki stjórn á eru m.a. eftirfarandi og ekki tæmandi taldar;
 - a. Fjárhæð færslu er yfir USD 100.000.-.
 - b. Færsla berst útgefanda 6 dögum eða síðar eftir þann dag sem kaupin fóru fram.
 - c. Færsla er send af stað án fullnægjandi upplýsinga eða án heimildarbeiðni.
 - d. Ósamræmi eru í fjölda heimildarbeiðna og fjölda færslna til nýtingar veittrar heimildar.
 - e. Færslur sumra tegunda söluaðila, sem dæmi hótél, bílaleigur og flugfélög.
- xiv. Ef korthafi velur að framkvæma færslu í íslenskum krónum í stað heimagjaldmiðils þess lands sem hann er staðsettur í, ber færslan gengi færsluhirðis hins erlenda söluaðila og er bankanum óviðkomandi.
- xv. Sé um erlendar greiðslur inn á kortareikning sem ekki eru endurgreiðslur eða leiðréttingar hefur bankinn heimild til þess að umreikna færslurnar á kaupgengi korta sem er í gildi í greiðsluviðskiptum milli landa þegar færsla berst útgefanda.
- xvi. Notkun korts í gjaldeyrisviðskiptum fellur undir upplýsingaskyldu samkvæmt lögum um gjaldeyrismál og reglugerðum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

6. VARÐVEISLA, MEÐFERÐ OG ÁBYRGÐ KORTHAFNA

- i. Korthafi er ábyrgur fyrir varðveislu kortsins þannig að óviðkomandi aðili geti ekki komist yfir það, enda er debetkort verðmæti sem skal gæta eins og peninga eða annarra verðmæta. Það gildir einnig ef kort hefur verið tengt við rafrænt veski (e. wallet). Korthafi skal gæta þess að kort hans tengist ekki öðrum stafrænum veskjum en hans eigin. Vakni grunur korthafa um slíkt, t.d. ef honum berst tilkynning um að kort hans hafi verið tengt öðru tæki en hans eigin, skal hann samstundis hafa samband við útgefanda.
- ii. Eftir stofnun debetkorts getur korthafi nálgast PIN númer kortsins í Netbanka Arion banka, Appi Arion banka eða óskað eftir því að fá það sent á lögheimili. PIN númerið er notað til að framkvæma greiðslur í verslunum þar sem beðið er um slíkt eða til úttekta í hraðbönkum.
- iii. Korthafi skuldbindur sig til:
 - a. Að láta ekki PIN númer sitt öðrum í té eða geyma það með kortinu.
 - b. Að geyma ekki PIN númer í veski, farsíma eða öðrum rafrænum búnaði, eða hverjum öðrum hætti sem gæti gert það að verkum að PIN númer sé aðgengilegt öðrum.
- iv. Korthafa er óheimilt að deila eða veita öðrum upplýsingar um persónubundna öryggisþætti sína. Korthafa ber að grípa til nauðsynlegra varúðar- og öryggisráðstafana til að tryggja persónubundna öryggisþætti sína þannig að óviðkomandi aðili fái ekki aðgang að eða vitneskju um persónubundna öryggisþætti s.s. í veski sínu, snjalltæki eða öðrum rafrænum búnaði með þeim hætti sem gæti verið aðgengilegt öðrum. Varðveiti korthafi eða fari með persónubundna öryggisþætti sína í ósamræmi við ákvæði þessa kafla telst það stórfellt gáleysi af hans hálfu. Korthafa ber ávallt að gæta að enginn sjái þegar hann notar persónubundna öryggisþætti, eins og t.d. þegar hann slær inn PIN númer sitt. Korthafi skal ekki samþykkja framkvæmd greiðslu nema hafa sannreynt að um rétta fjárhæð, réttan gjaldmiðil, réttan viðtakanda sé að ræða og þegar við á, rétt öryggisnúmer sé um rafrænar færslur að ræða. Korthafi skal ekki samþykkja framkvæmd greiðslu sem hann kannast ekki við. Sinni korthafi ekki varúðarskyldum sínum, samanber og með vísan til þess sem hér kemur fram, telst það stórfellt gáleysi af hans hálfu.

- v. Korthafi ber ábyrgð á öllum greiðslum/úttektum, sem verða vegna notkunar debetkorts hans, sbr. þó ákvæði 8. gr. þessara skilmála.
- vi. Korthafi ábyrgist tjón gagnvart bankanum, sem verður vegna vanrækslu hans við vörslu eða notkun debetkorts, PIN númers þess eða annarra persónubundinna öryggisþátta.
- vii. Korthafa er skylt að tilkynna aðsetursskipti til bankans til að tryggja að póstur s.s. heimsend kort geti borist honum með eðlilegum hætti.
- viii. Útgefandi áskilur sér rétt til að breyta öryggiskröfum sínum án fyrirvara.

7. ÚTTEKTIR OG YFIRLIT

- i. Debetkort er tengt viðskiptareikningi korthafa í bankanum. Heimild til greiðslu/úttektar með því, takmarkast við þá ráðstöfunarfjárhæð, sem er á þeim reikningi þegar kortið er notað.
- ii. Útgefandi áskilur sér rétt til þess að loka á greiðslur ófjárráða einstaklinga til söluaðila sem stunda veðmálastarfsemi. Nýti útgefandi ekki þann rétt er það útgefanda að skaðlausu. Arion banki áskilur sér rétt til að setja takmarkanir á notkun korta þeirra sem eru yngri en 15 ára. Forsjáraðilar geta óskað eftir tilteknum takmörkunum í samræmi við verklagsreglur bankans hverju sinni.
- iii. Korthafi getur óskað eftir yfirdráttarheimild á viðskiptareikning sinn í bankanum. Fer um slíka yfirdráttarheimild skv. almennum skilmálum Arion banka um innlánsreikninga og lánessamningi um yfirdráttarheimild. Korthafi getur notað umsamda yfirdráttarheimild til þess að framkvæma greiðslur með debetkorti. Þegar gerður er sérstakur lánessamningur um yfirdráttarlán gilda ákvæði þess samnings framfar ákvæðum almennra skilmála.
- iv. Korthafi skuldbindur sig til að eiga ávallt næga innstæðu eða yfirdráttarheimild fyrir hverri greiðslu/úttekt af þeim reikningi sem kortið er tengt. Hann ábyrgist að fara ekki yfir ráðstöfunarfjárhæð sína með notkun kortsins en fari korthafi yfir ráðstöfunarfjárhæð sína hefur slík úttekt í för með sér kostnað samkvæmt verðskrá Arion banka. Ósamþykktur yfirdráttur getur stofnast vegna bilana, síhringingar sem ekki virkar á sölustað, innheimtu þóknana og gengismunar. Ósamþykktur yfirdráttur er á ábyrgð korthafa og gjaldfellur samstundis.
- v. Korthafi getur framkvæmt snertilausar greiðslur með þar til gerðum örgjörva eða sýndarnúmeri (e. token) með farsíma/snjalltæki, bjóði söluaðili upp á móttöku slíkra færslna. Slíkar greiðslur kunna að vera háðar fjölda- og/eða fjárhæðartakmörkunum hverju sinni.
- vi. Arion banki áskilur sér rétt til að synja um heimild fyrir úttekt eða greiðslu með debetkorti. Algengustu ástæður þess að bankinn synjar úttektarbeiðni eru eftirfarandi:
 - a. Kort hefur verið tilkynnt glatað eða stolið.
 - b. Fjárhæð greiðslu fer yfir ráðstöfunarfjárhæð á reikningi.
 - c. Rangt PIN númer hefur verið slegið inn eða aðrir persónubundnir öryggisþættir passa ekki.
 - d. Gildistími kortsins er útrunninn.
 - e. Lög kveða á um annað.
 - f. Röktuð grunur er uppi um óheimilaða eða svíksamlega notkun kortsins. Útgefandi gerir korthafa viðvart við fyrsta hentugleika. Reynist sá grunur ekki á rökum reistur er opnað fyrir heimildagjöf þegar ástæður fyrir stöðvun notkunar eru ekki lengur fyrir hendi.
- vii. Greiðslur með debetkorti koma fram á reikningsyfirliti þess viðskiptareiknings, sem kortið er tengt við. Korthafi getur ávallt nálgast reikningsyfirlit yfir úttektir og notkun debetkorts, sér að kostnaðarlausu, í netbanka sínum hjá Arion banka, Appi Arion banka og/eða í útibúi bankans á prentuðu reikningsyfirliti, ef korthafi óskar eftir því, og skal þá greiða fyrir það samkvæmt verðskrá bankans. Á yfirlitinu kemur fram nafn seljanda, þar sem kortið var notað, ásamt dagsetningu og fjárhæð færslu. Ef um erlend viðskipti er að ræða kemur einnig fram fjárhæð þess gjaldmiðils sem færslan er í.
- viii. Endurgreiðsla til korthafa skal greidd inn á það kort sem viðkomandi úttekt var færð á. Fáir korthafi endurgreitt vegna endurkröfu er sama upphæð endurgreidd og greidd var af korti í ISK. Sé endurgreiðsla frá söluaðila í annarri mynt en ISK notast Arion banki við endurgreiðslugengi sem er birt á heimasíðu Arion banka. Endurgreiðslugengið kann að vera annað en kortafærslan sjálf var gerð á. Greiðslur inn á kort sem ekki eru endurgreiðslur, heldur greiðslur, t.d. vegna sölu á vörum eða þjónustu, eru umreiknaðar í íslenskar krónur á kaupgengi kreditkorta, sem birtist á heimasíðu bankans.
- ix. Útgefanda er heimilt að setja þak á fjárhæð greiðslna sem framkvæmdar eru með kortinu.

8. GLÖTUÐ KORT, ÓHEIMILAÐAR FÆRSLUR, LOKUN OG AFTURKÖLLUN

- i. Glatist debetkort ber korthafa tafarlaust að tilkynna það til bankans eða greiðslukortafyrirtækis með sannanlegum hætti. Strax eftir að tilkynning hefur verið móttakin ber þeim sem móttók tilkynninguna að loka kortinu og koma í veg

- fyrir frekari notkun þess. Korthafi getur óskað eftir nýju korti í stað hins glataða. Samþykki útgefandi að nýtt kort verði gefið út er það gegn gjaldi samkvæmt verðskrá Arion banka.
- ii. Verði korthafi var við óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu eða telji korthafi að kort hans hafi verið notað með sviksamlegum hætti ber honum að tilkynna það án óþarfa tafar með sannanlegum hætti til bankans eða greiðslukortafyrirtækisins, innan 10 daga. Í öllum tilvikum þegar grunur um sviksamlega kortanotkun er fyrir hendi ber bankanum eða greiðslukortafyrirtækinu að loka korti. Korthafi ber ekki tjón vegna færslna sem gerðar eru eftir að hann tilkynnir kort glatað. Korthafa ber skylda til að veita aðstoð við vinnslu málsins og lágmarka tjónið eins og kostur er. Tilkynningarskyldu ber að fullnægja svo fljótt sem verða má eftir að hvarf korts uppgötvast.
 - iii. Þrátt fyrir i. og ii. lið 8. gr. hefur korthafi, sé hann neytandi í skilningi laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021, að hámarki 13 mánuði frá eindaga greiðslu til að tilkynna óheimilaða eða ranglega framkvæmda greiðslu, en tómlæti korthafa á að senda tilkynningu til útgefanda án óþarfa tafar skv. ii. lið 8. gr. getur leitt til þess að korthafi fyrirgeri rétti sínum til endurgreiðslu.
 - iv. Korthafa ber fyrst að tæma endurgreiðslu úrræði gagnvart söluaðila áður en endurkröfu er beint að útgefanda kortsins eða tæmi önnur lögbundin tryggingarúrræði, t.d. geri kröfu í Ferðatryggingasjóð vegna pakkaferða, áður en kvörtun er send til viðkomandi greiðslukortafyrirtækis.
 - v. Útgefandi kortsins setur endurkröfufærli af stað í kjölfar beiðni korthafa. Í þeim tilvikum sem endurkröfuféttur byggir á alþjóðlegum skilmálum kortafyrirtækja, en ekki á lögum um greiðsluþjónustu, ræðst fjöldi endurkröfuhæfra færslna og tímamörk þeirra af breytilegum endurkröfureglum alþjóðlegra kortafyrirtækisins VISA. Nánari upplýsingar um fjölda færslna og tímamörk eru aðgengileg á heimasíðu bankans.
 - vi. Ef söluaðili sem er viðtakandi kortafærslu er ófús eða ófær um að inna af hendi vöru eða þjónustu sem korthafi hefur greitt fyrir, atburði aflýst eða söluaðili hættur rekstri, getur korthafi sent skriflega kvörtun til útgefanda. Það á þó ekki við ef ástæða þess varða korthafa sjálfan. Korthafi getur sent skriflega athugasemd til útgefanda allt að 90 dögum eftir að afhending vöru eða þjónustu átti að eiga sér stað. Kvörtuninni skulu fylgja fullnægjandi gögn til staðfestingar kaupum á þjónustunni s.s. hvað var pantað, hvenær og hvernig átti að afhenda vöruna. Útgefandi sendir kvörtun til viðkomandi greiðslukortafyrirtækis til meðferðar. Telji greiðslukortafyrirtækið að varan og/eða þjónustan hafi sannanlega ekki verið innt af hendi vegna ofangreindra ástæðna, gerir greiðslukortafyrirtækið endurkröfu á færsluna til söluaðila. Útgefandi er heimilt að gera þá kröfu að korthafi óski fyrst eftir endurgreiðslu hjá söluaðila. Komi óviðráðanlegar ytri aðstæður upp (force majeure), svo sem náttúruhamfarir, sprengjuárás/sprengjuhótun, stríð, verkföll, faraldur, viðskiptabann, sjóttjón og óeirðir, sem varðar ekki viðkomandi söluaðila eingöngu og sem koma í veg fyrir að söluaðili geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart korthafa, á korthafi ekki rétt til endurgreiðslu samkvæmt ofangreindu.
 - vii. Útgefandi ber ekki ábyrgð á tjóni korthafa geti hann ekki notað kort vegna galla í kortinu, þ.m.t. í örgjörva kortsins. Telji korthafi kort gallað skal hann skila kortinu til útgefanda. Reynist kortið gallað á korthafi rétt á nýju korti honum að kostnaðarlausu nema að korthafi hafi gerst eða er brotlegur samkvæmt skilmálum þessum.
 - viii. Útgefandi ber ekki ábyrgð á tjóni korthafa vegna tæknilegrar bilunar í hraðbanka, öðrum sjálfsafgreiðslutækjum, eða á tjóni korthafa sem hlýst af því að sjálfsafgreiðslutæki hefur ekki samband við heimildarkerfi útgefanda. Hvorki útgefandi né greiðslukortafyrirtækin bera ábyrgð á því ef móttöku korts er hafnað sem greiðslu hjá söluaðila eða í sjálfsafgreiðslutæki, né því tjóni sem leitt getur þar af.
 - ix. Í þeim tilvikum að fyrir hendi er greiðsluþjónustusamningur milli korthafa og söluaðila um sjálfvirkar greiðslur, eða úttekt hefur verið gerð á kort korthafa eftir að þjónusta var afhent í tilviki t.d. bílaleiga, hótela og skemmtiferðaskipa, hefur korthafi 8 vikur frá færsludegi til að gera skriflega og undirritaða athugasemd með ósk um endurgreiðslu. Athugasemdin skal stutt viðeigandi gögnum. Innan 10 daga veitir útgefandi korthafa svar, að gefnum áðurgreindum skilyrðum, um rökstudda synjun eða endurgreiðslu með fyrirvara um að alþjóðlegar reglur greiðslukortafyrirtækjanna leiði til þess að hann eigi réttmætt tilkall til endurgreiðslu. Leiði alþjóðlegar reglur greiðslukortafyrirtækjanna til þess að korthafi eigi ekki réttmætt tilkall til endurgreiðslu verður hún innheimt af kortareikningi korthafa. Vilji korthafi ekki una niðurstöðunni getur hann skotið henni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálfyrirtæki sbr. 11. gr. eða telji korthafi niðurstöðuna ekki rétta á grunni alþjóðlegra reglna greiðslukortafyrirtækjanna, getur hann óskað þess að Arion banki skjóti niðurstöðunni til úrskurðarnefndar VISA. Telji Arion banki slíkt málskot ólíklegt til árangurs er bankanum heimilt að synja því að skjóta niðurstöðu til úrskurðarnefndar VISA. Korthafa er heimilt að óska þess engu að síður en þá skal korthafi sjálfur greiða málskotsgjald VISA. Mæli Arion banki með málskoti til úrskurðarnefndar VISA, greiðir bankinn málskotsgjaldið.
 - x. Ábyrgð korthafa vegna óheimilaðra greiðslna takmarkast við jafnvirði EUR 50 í íslenskum krónum, miðað við það sölugengi sem í gildi er í greiðsluviðskiptum á hverjum tíma sbr. ákvæði 80. gr. laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021, ef hinar óheimiluðu greiðslur má rekja til eftirfarandi atriða áður en hvarf eða misnotkun þess er tilkynnt:
 - i. Korthafi hefur týnt debetkortinu.

- ii. Debetkortinu hefur verið stolið.
- iii. Debetkort notað með öðrum óréttmætum hætti.
- xi. Korthafi ber ábyrgð á öllu tjóni vegna óheimilaðra greiðslna ef stofnað er til þeirra sem sviksamlegum hætti korthafa eða korthafi hefur vanrækt skyldur sínar skv. skilmálum þessum og sérstaklega i. og iii. lið 6. gr. og i. lið 8. gr. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Korthafi er ábyrgur fyrir öllum úttektum sem staðfestar eru með persónubundnum öryggisþætti, hafi hann ekki varðveitt persónubundinn öryggisþátt sinn eins og honum bar eða að öðru leyti farið með kortið í ósamræmi við skilmála þessa.
- xii. Korthafi ber ekki ábyrgð á notkun korts eftir að hann hefur tilkynnt það glatað, nema hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða sviksamlega háttsemi. Korthafi ber ekki ábyrgð eftir að hann hefur sannanlega tilkynnt það glatað ef móttakandi tilkynningar hefur ekki lokað kortinu strax í kjölfar tilkynningar, sbr. i. lið 8. gr., nema korthafi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða sviksamlega háttsemi.
- xiii. Sérhver ágreiningur eða tjón vegna kaupa á vöru eða þjónustu, sem greidd eru með debetkorti, er bankanum algerlega óviðkomandi og án ábyrgðar fyrir hann. Ágreiningur út af gæðum vöru eða þjónustu skal leystur beint á milli korthafa og seljanda og ber útgefandi enga ábyrgð á gæðum keyptrar vöru eða þjónustu.
- xiv. Arion banki eða greiðslukortafyrirtæki eru ekki ábyrg fyrir tjóni korthafa, sem verður t.d. vegna lagaboða, aðgerða stjórnvalda, náttúruhamfara, stríðs, verkfalls, verkbanns, farsóttu eða annarra slíkra aðstæðna, rafmagnstruflana eða rafmagnsleysis, né vegna truflana í símkerfi eða öðrum boðleiðum eða samgöngum.
- xv. Ef korthafi er ekki neytandi ber hann allt tjón sem hlýst vegna óheimilaðra greiðslna ef hann hefur vanrækt skyldur sínar skv. skilmálum þessum.

9. GJALDTAKA

- i. Útgefanda er heimilt að færa korthafa til gjalda gjöld sem til falla í tengslum við útgáfu og notkun korts. Korthafi greiðir gjöld vegna debetkortsins, svo sem ár- og færslugjöld, samkvæmt verðskrá Arion banka á hverjum tíma. Bankanum er heimilt að skuldfæra gjöld af debetkorti korthafa.
- ii. Af peningaúttektum kann að reiknast þóknun skv. verðskrá bankans.
- iii. Almennir skilmálar innlánsreikninga, verðskrá og vaxtatafla Arion banka veita upplýsingar um gjöld, vaxtakjör og annað sem tengist notkun debetkorta og eru aðgengilegar á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is, og í útibúum bankans.
- iv. Mögulegt er að korthafi þurfi að greiða aðra skatta og/eða kostnað sem hvorki eru greiddir fyrir milligöngu Arion banka né innheimtir af honum.

10. VINNSLA PERSÓNUUPPLÝSINGA OG PERSÓNUVERND

- i. Arion banki vinnur persónuupplýsingar viðskiptavina til efna skuldbindingar sínar samkvæmt skilmála þessum. Megintilgangur og forsenda vinnslu persónuupplýsinga er að veita viðskiptavinum þá þjónustu sem óskað er eftir. Í persónuverndaryfirlýsingu bankans er að finna nánari umfjöllun um hvernig Arion banki vinnur persónuupplýsingar. Persónuverndaryfirlýsingin er aðgengileg á heimasíðu bankans og gildir samhliða skilmálum þessum. Arion banki vinnur persónuupplýsingar í samræmi við gildandi persónuverndarlög á hverjum tíma.

11. RÉTTARÚRRÆÐI, LÖG OG VARNARÞING

- i. Korthafi getur skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, að því gefnu að uppfyllt séu skilyrði nefndarinnar sem fram koma í samþykktum hennar. Frekari upplýsingar um úrskurðanefndina sem og um málskot til hennar er að finna á heimasíðu nefndarinnar, www.nefndir.is.
- ii. Öll mál, sem kunna að rísa af notkun kortsins skulu, nema á annan veg sé samið, fara eftir íslenskum lögum. Korthafi samþykkir auk þess að Arion banki megi reka innheimtumál í því landi, sem korthafi hefur búsetu hverju sinni.
- iii. Rísi mál vegna brota á skilmálum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Korthafi samþykkir auk þess að útgefandi megi, kjósi hann slíkt, reka innheimtumál í því landi, sem korthafi hefur búsetu hverju sinni.

12. GILDISTAKA OG BREYTINGAR

- i. Bankanum er heimilt að breyta skilmálum þessum einhliða hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara ef þær eru til hagsbóta fyrir korthafa, snúa aðeins að lögáðilum eða varða atriði sem falla utan gildissviðs laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021. Upplýst er um slíkar breytingar á vefsíðu bankans www.arionbanki.is. Sú breytingarnar ekki til hagsbóta fyrir korthafa og varða atriði sem falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu,

- taka breytingarnar gildi með tveggja mánaða fyrirvara. Geri korthafi ekki athugasemdir innan þess tíma telst hann hafa samþykkt breytingarnar. Viðskiptavinum er tilkynnt um slíkar breytingar á rafrænu formi eða öðrum varanlegum miðli í samræmi við almennu viðskiptaskilmála bankans hverju sinni.
- ii. Skilmálar þessir taka gildi 18. nóvember 2024. Skilmálar þessi gilda þó frá og með 18. janúar 2025 gagnvart þeim viðskiptavinum sem staðfesta skilmálana frá og með þeim degi.